# Fornleifaskráning í Dalabyggð vegna fyrirhugaðs ljósleiðara um Skarðsströnd og Fellsströnd - áfangi 2



Hermann Jakob Hjartarson

2019

Forsíðumyndin (nr.1) sýnir vörðu í landi Ormsstaða. (Fornleifar nr. 138. Horft mót SA. Ljósm. HJH 2019).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Hermann Jakob Hjartarson
Unnið fyrir Dalaveitur
Júlí 2019

## *Inngangur*

Að beiðni Dalaveitna ehf. kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á fyrirhugaðri leið ljósleiðara um Skarðsströnd og Fellsströnd. Er lagnaleiðin sýnd á loftmyndum 2-9. Staðsetning fornleifa/minja er sýnd á myndum 10-26.

Verkinu var skipt upp í tvo hluta og er þessi skýrsla um seinni hlutann. Í fyrri hluta voru minjar frá Stekkjardal í Tjaldanesi og að bænum Nýp skráðar (Hermann Jakob Hjartarson, 2019a; Hermann Jakob Hjartarson, 2019b). Í þessum seinni hluta voru skráðar minjar þar sem frá var horfið í fyrri hlutanum, frá bænum Nýp og að bænum Stóru Tungu. Skráðar voru fornleifar eftir línuleiðinni sem fór í gegnum eftirtaldar jarðir: Nýp, Tindar, Klifmýri/Hvalgrafir, Skarðsstöð, Skarð, Skarðsá, Geirmundarstaðir, Manheimar, Á, Kross, Reynikelda, Ballará, Melar, Hnúkur, Kvennahóll, Stakkaberg, Ormsstaðir, Vogur og Stóra Tunga. Ekki var heimtaug á alla þessa bæi, sjá nánar myndir 3-9.

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem örnefnaskrár, túnakort, sýslu- og sóknarlýsingar og jarðabækur.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram dagana 9.- 12. júlí 2019. Vegna breytinga á línunni var einnig farið á vettvang 19. júlí 2019. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð. Kannað var svæði sín hvoru megin við hina fyrirhuguðu ljósleiðaralögn, eða allt að 20 m hvoru megin.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmynda með staðsetningu fornleifa.

Margar gagnlegar upplýsingar fengust hjá ýmsum ábúendum þar sem til þeirra náðist. Er þeim öllum þakkað fyrir. Fulltrúi verkkaupa var Sæþór Sindri Kristinsson hjá Dalaveitum og um kortavinnslu sá Kristján Ingi Arnarsson og höfundur.

*Leið ljósleiðara*




Mynd 2. Leiðin sem farin var í áfanga 2 er merkt inn á kortið (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).



Mynd 3. Fyrsti hluti leiðarinnar, vestur af Nýp (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson).




Mynd 4. Annar hluti leiðarinnar, heimtaugar eru að þremur húsum í Klifmýri,  (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson)

# Dalaveitur ehf. - Leið 7, tkn. 4

**Skýringar:**
Ljósleiðari - stofn
Ljósleiðari - heimæð
Fornleifar




Gróf hönnun af lagnaleið ljósleiðara. Fylgiskjöl með útboðsgögnum, apríl 2019. Teiknað: Kristján Ingi Arnarsson, Dalabyggð Dags.: 05.04.2019

Mynd 5. Þriðji hluti leiðarinnar. Ath. að heimtaug vantar við bæinn Kross, sjá nánar á mynd 9 (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson).




Mynd 6. Fjórði hluti leiðarinnar (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson).

# Dalaveitur ehf. - Leið 7, tkn. 6

**Skýringar:**
Ljósleiðari - stofn
Ljósleiðari - heimæð
Fornleifar




Gróf hönnun af lagnaleið ljósleiðara. Fylgiskjöl með útboðsgögnum, apríl 2019. Teiknað: Kristján Ingi Arnarsson, Dalabyggð Dags.: 05.04.2019

Mynd 7. Fimmti hluti leiðarinnar (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson).




Mynd 8. Sjötti hluti leiðarinnar (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson).



Mynd 9. Línuleiðin við bæinn Kross, eftir að heimtaug bættist við.

### *Skráningin*

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum.

| Nr. | Teg. | Fj. | Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Minjagildi | Varðveislugildi | Friðlýst? | Mótv. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 119 | Rúst | 1 | Ljósleiðari | Engin | Lélegt | 1550-1900 | Talsvert (6) | Talsvert (6) | Nei | Engar |
| 120 | Hesthús | 1 | Ljósleiðari | Mikil | Ágætt | 1550-1940 | Talsvert (6) | Talsvert (6) | Nei | Rannsókn |
| 121 | Rúst | 1 | Ljósleiðari | Mikil | Ágætt | 1900-1950 | Lítið (3) | Lítið (3) | Nei | Rannsókn |
| 122:1 | Rúst | 1 | Ljósleiðari | Lítil | Ágætt | 1900 | Talsvert (6) | Talsvert (6) | Nei | Engar |
| 122:2 | Rúst | 1 | Ljósleiðari | Lítil | Ágætt | 1900 | Talsvert (7) | Talsvert (7) | Nei | Engar |
| 123 | Garður | 1 | Ljósleiðari | Lítil | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið (4) | Lítið (4) | Nei | Engar |
| 124 | Traðir | 1 | Ljósleiðari | Lítil | Sæmilegt | 1550-1900 | Talsvert (6) | Talsvert (6) | Nei | Engar |
| 125 | Kirkjugarður | 1 | Ljósleiðari | Lítil | Ágætt | 1200-1900 | Hátt (8) | Hátt (8) | Nei | Engar |
| 126 | Kvíar | 1 | Ljósleiðari | Talsverð | Lélegt | 1550-1900 | Talsvert (6) | Talsvert (6) | Nei | Rannsókn |
| 127 | Túngarður | 1 | Ljósleiðari | Talsverð | Lélegt | 1550-1900 | Lítið (4) | Lítið (4) | Nei | Þversnið |
| 128 | Garður | 1 | Ljósleiðari | Mikil | Lélegt | 1550-1900 | Lítið (4) | Lítið (4) | Nei | Þversnið |
| 129 | Gerði? | 1 | Ljósleiðari | Mikil | Sæmilegt | 1550-1900 | Lítið (4) | Lítið (4) | Nei | Rannsókn |
| 130 | Túngarður | 1 | Ljósleiðari | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | Lítið (4) | Lítið (4) | Nei | Engar |
| 131 | Rúst | 1 | Ljósleiðari | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert (6) | Talsvert (6) | Nei | Engar |
| 132 | Rúst | 1 | Ljósleiðari | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert (6) | Talsvert (6) | Nei | Engar |
| 133 | Rúst | 1 | Ljósleiðari | Lítil | Lélegt | 1550-1900 | Lítið (4) | Lítið (4) | Nei | Engar |
| 134 | Garður | 1 | Ekkert | Engin | Lélegt | 1550-1900 | Lítið (4) | Lítið (4) | Nei | Engar |
| 135 | Varða | 1 | Ljósleiðari | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | Lítið (3) | Lítið (3) | Nei | Engar |
| 136 | Túngarður | 1 | Ljósleiðari | Talsverð | Ágætt | 1550-1900 | Lítið (4) | Lítið (4) | Nei | Þversnið/ Flöggun |
| 137 | Varða | 1 | Ljósleiðari | Lítil | Lélegt | 1550-1900 | Lítið (3) | Lítið (3) | Nei | Engar |
| 138 | Varða | 1 | Ljósleiðari | Lítil | Lélegt | 1550-1900 | Lítið (3) | Lítið (3) | Nei | Engar |
| 139 | Akurgirðingar | 2 | Ljósleiðari | Lítil | Sæmilegt | 900-1600 | Hátt (8) | Hátt (8) | Já | Engar |
| 140 | Stekkur | 1 | Ljósleiðari | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert (6) | Talsvert (6) | Nei | Engar |
| 141 | Rúst | 1 | Ljósleiðari | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert (6) | Talsvert (6) | Nei | Engar |
| 147 | Steinar | 1 | Ljósleiðari | Lítil | Lélegt | -1550 | Lítið (4) | Lítið (4) | Nei | Engar |
| 148 | Aðhald | 1 | Ljósleiðari | Lítil | Sæmilegt | 1550-1900 | Talsvert (6) | Talsvert (6) | Nei | Flöggun |
| | Fjöldi: | 27 | | | | Meðaltal: | 4,8 | 4,8 | | |

Tafla yfir fornleifar/minjar á lagnaleiðinni. Hér er gengið út frá því að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir valdi tímabundinni hættu og mat lagt á hana. Að öðru leiti er vísað í meðfylgjandi fornleifaskrá vegna þeirrar hættu sem kann að stafa af annarri viðvarandi hættu. Mótvægisaðgerðir miðast við að ekki sé hægt að tryggja öryggi fornleifanna/minjanna.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Í nágrenni hins fyrirhugaða ljósleiðara varð vart við talsverðan fjölda fornleifa sem ekki voru skráðar vegna þess að þær voru utan við könnunarsvæðin.

Samtals voru 27 fornleifar/minjar skráðar undir 25 minjanúmerum í tenglum við vettvangskönnunina. Tvær minjar teljast hafa hátt minjagildi, en það eru Ekrur (139:1 og 139:2) sem eru friðlýstar fornleifar, þær minjar teljast í lítilli hættu vegna línulagnarinnar og Kirkjugarður (125) en hann telst einnig vera í lítilli hættu. Ellefu fornleifar töldust hafa talsvert minjagildi. ein þeirra (120) telst í mikilli hættu og ein í talverðri hættu (126) vegna framkvæmdanna, níu í lítilli hættu. Þrettán minjar teljast hafa lítið minjagildi og teljast þrjár þeirra (121, 128 og 129) vera í mikill hættu, tvær í talsverðri hættu (127 og 136), hinar eru í lítilli eða engri hættu.

## *Staðsetning fornleifa*




Mynd 10. Rúst (119) viði Röðul, hún telst ekki vera í neinni hættu vegna ljósleiðarans (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).




Mynd 11. Hesthúsrúst (120) við Klifmýri 2. Ljósleiðari fer nálægt rústinni og telst hún í mikilli hættur (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).




Mynd 12. Húsarúst (121) við gatnamót Skarðstöðvarvegar og Klofningsvegar. Eins og sjá má þá fer fyrirhugaður ljósleiðari í gegnum rústina (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).




Mynd 13. Grunnurinn (122:2) af gamla sláturhúsinu/verslunarhúsinu er upp við uppistandandi hús, þar fyrir utan er rétt (122:1) (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).




Mynd 14. Garðbútur (123) sem er í landi Skarðs. (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).




Mynd 15. Fornleifar við bæinn Skarð. Leifar af tröðum (124) og kirkjugarður, en upphaflega var ljósleiðarum ætlað að fara inn í kirkjuna, en hætt var við það á seinni stigum. (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).




Mynd 16. Heimild er um kvíar og aðrar fornleifar (126) í túninu við Skarðsá, þessar fornleifar sjást ekki á yfirborðinu í dag. Punkturinn er tekinn á þeim slóðum sem rústirnar kunna að vera á (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).




Mynd 17. Túngarður (127) við landamerki Geirmundarstaðar og Skarðsár (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).




Mynd 18. Kvíar (148) í landi Kross (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).




Mynd 19. Garður (128) á landamerkjum Reynikeldu og Ballaráar, ljósleiðarleiðin fer í gegnum garðinn. Líklega nær garðurinn lengra í NV en er sokkinn í jörðu (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).




Mynd 20. Fornleifar sem skráðar voru við Ballará. Gerði (129) sem fyrirhugaður ljósleðari fer í gegnum, túngarður (130) og tvær rústir (131 og 132). Ath. að þegar vettvangsferð var farin þá var ekki fyrirhugað að setja heimtaug að bænum eins og myndin sýnir og því voru fornleifar sem þar eru ekki skráðar (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).




Mynd 21. Fornleifar 133 eru í rétt rúmlega 15 m fjarlægð frá fyrirhuguðum ljósleiðara (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).




Mynd 22. Garður (134) og varða (135) í landi mela sem er í lítilli hættu vegna ljósleiðara. Þegar vettvangsferð var farin stóð til að ljósleiðari færi mun nær fornleifunum, en leiðinni var breytt (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).




Mynd 23. Túngarður (136) í landi Hnúks (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).




Mynd 24. Tvær vörður eru milli Stakkabergs og Ormsstaða (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).




Mynd 25. Ekrur (139), friðlýstar rústir í landi Ormsstaða. Fjarlægð í fyrirhugaðan ljósleiðara er um 60 m (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).




Mynd 26. Stekkur og rúst í landi Vogs. Enginn ljósleiðari sést á myndinni, en þegar vettvangsferð var farin þá stóð til að ljósleiðarinn færi þarna í gegn, en leiðinni var breytt í millitíðinni (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).

*Niðurstaða*

Fjórar fornleifar teljast í mikilli hættu vegna framkvæmdanna, það er: Hesthúsrúst í landi Klifmýri 2 (120), en væntanlegur ljósleiðari fer upp við rústina. Rúst af húsi (121) við gatnamót Klofningsvegar og Skarðsstöðvarvegar en fyrirhugaður ljósleiðari fer í gegnum rústina. Grjóthlaðinn garður (128) sem ljósleiðarinn fer í gegnum við landamerki Reynikeldu og Ballarár og meint gerði (129) við Ballará, en fyrirhugaður ljósleiðari fer einnig í gegnum hann.

Þrjár fornleifar teljast í talsverðri hættu. Garður á landamerkjum Geirmundastaða og Skarðsár telst vera í talsverðri hættu þó svo að sýnilegar fornleifar séu meira en 15 m frá ljósleiðara, en hluti garðins getur leynst undir sverði. Þá eru heimildir um minjar í landi Skarðsár (126) sem ekki er vitað með vissu hvar eru nákvæmlega en þær gætu legið í jörðu og teljast þær í talsverðri hættu vegna framkvæmdanna. Túngarður (136) í landi Hnúks telst einnig vera í talsveðri hættu en ljósleiðari fer nálægt honum. Aðrar skráðar fornleifar eru í lítilli eða engri hættu. Athygli er vakin á að fornleifar nr. 139 eru friðlýstar og njóta því 100 m friðhelgi en fjarlægð í fyrirhugaðan ljósleiðara er um 60 m.

Líklega er hægt að breyta um lagnaleið í flestum tilfellum, en þar sem það er ekki hægt þarf mótvægisaðgerða við. Á bæjarstæðum þeim sem ljósleiðarinn mun liggja að var yfirleitt ekkert að sjá á yfirborði vegna sléttunar og byggingaframkvæmda á seinni tímum. Gröftur heima við bæi gæti líklega þarfnast framkvæmdaeftirlits í einhverjum tilfellum á meðan vinna stendur yfir þar, þetta á við um bæina Skarð, Kross, Á, Ormsstaði og Stóru-Tungu en þessir bæir standa á gamla bæjarstæðinu, Minjastofnun ákvarðar nánar um það atriði.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

***Heimildaskrá***

Ágúst Ó. Georgsson (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.* Reykjavík.

Árni Björnsson (2011). *Ferðafélag Íslands árbók 2011: Í Dali vestur.* Ferðafélag Íslands.

Árni Óla (1945). Ú*r sumarferðalagi: - Inn í Saurbæ.* Lesbók Morgunblaðsins 4.11.1945.

*Dalasýsla: Sýslu og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855* (2003). Reykjavík: Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands.

Gull-Þóris saga (1987). *Íslendinga sögur og þættir: Annað bindi*. Reykjavík: Svart á hvítu

Hermann Jakob Hjartarson (2019a). *Fornleifaskráning í Dalabyggð vegna fyrirhugaðs ljósleiðara um Skarðsströnd - áfangi 1*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Hermann Jakob Hjartarson (2019b). F*ornleifaskráning í Dalabyggð vegna fyrirhugaðs ljósleiðara um Skarðsströnd - áfangi 1 - Viðbót*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Hulda Birna Albertsdóttir (2013). *Örnefnaskráning í Dalabyggð: VIII. Hluti - Skarðsá og Geirmundarstaðir*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Hulda Birna Albertsdóttir (2013). *Örnefnaskráning í Dalabyggð: IX. Hluti - Skarð*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

*Ísmús (ismus.is). SÁM 93/3500 EF.*

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns - Sjötta bindi* (1938). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

*Lög um menningarminjar.* Nr. 80. 29. júní 2012.

*Túnakort*. *Ballará*. Þjóðskjalasafn Íslands.
*Túnakort*. *Geirmundarstaðir*. Þjóðskjalasafn Íslands.
*Túnakort*. *Skarð*. Þjóðskjalasafn Íslands.

*Örnefnaskrá*. *Geirmundarstaðir*. Örnefnastofnun.
*Örnefnaskrá. Kross.* Örnefnastofnun.
*Örnefnaskrá. Skarð.* Örnefnastofnun.

*Örnefnaskrá Tindar*. Örnefnastofnun.
*Örnefnaskrá*. *Vogar*. Örnefnastofnun.

*Sarpur: Menningarsögulegt gangnasafn*. Sótt af http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=320887

***Fylgirit***

*Fornleifaskrá:* Dalabyggð Nr. 119 - 141 og 147-148.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Dalasýsla | Dalabyggð | | | **119** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Röðull | | | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Hermann Jakob Hjartarson | 10.7.2019 | E 349559.29 N 537923.38 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Ska 19b | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeyðing | Mikil | Lélegt | 1550-1900 | | Ljósleiðari | Engin | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Rústin er við félagsheimilið Röðull í landi Hvalgrafar. Miðja vegu milli vegar og brekku sem liggur að Búðardalsá. Á grónu landi, en allt í kring er uppblásinn melur.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst**

6 x 12 m að stærð. Hæð veggja 0,2-0,4 m. Þykkt veggja 0,4 -2 m. Dyr eru sunnarlega til austurs.

Óþekkt notkun.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Hermann Jakob Hjartarson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Dalasýsla | Dalabyggð | | | 120 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Klifmýri 2 | | | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Hermann Jakob Hjartarson | 10.7.2019 | E 34628.67 N 538198.87 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Hesthús | | Ska 19b | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ábúð | Lítil | Ágætt | 1550-1940 | | Ljósleiðari | Mikil | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Rústin er í landi Klifmýri 2. Miðja vegu milli vegar og íbúðarhúss.

*Heimildir og munnmæli*

*Edda Hermannsdóttir, íbúi á Klifmýri 2*. Munnleg heimild.

*Lýsing*

**Hesthús**

Hesthús sem var í notkun til um 1940. 18 x 8 m að stærð. Hæð veggja 0,4-0,9 m. Breidd veggja 2-3 m. Rústin virðist vera tvískippt með dyr í norður.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Hermann Jakob Hjartarson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Dalasýsla | Dalabyggð | | | 121 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Skarðsá? | | | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Hermann Jakob Hjartarson | 10.7.2019 | E 344978.22 N 535666.45 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Ska 19b | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skepnur | Lítil | Ágætt | 1900-1950 | | Ljósleiðari | Mikil | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 3 | Lítið | 3 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Rétt við gatnamót Klofningsvegar og vegarins að Skarðsstöð.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst**
Rúst af nýlegu húsi. Steypa hér og hvar í rústinni, einnig timbur, járn og steinar
Byggingarefni: Steypa og grjót.
Stærð 20 x 15 m. Hæð veggja: 0,3-1,2 m. Breidd veggja: 2 m.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



Ljósmyndari: Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar:

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# *Fornleifaskrá*

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Dalasýsla | Dalabyggð | | | **122** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Skarðsstöð | | | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Hermann Jakob Hjartarson | 10.7.2019 | E 343400.57 N 536554.95 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rétt | | Ska 19b | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skepnur | Lítil | Ágætt | 1900 | | Ljósleiðari | Lítil | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Fast upp við fornleifar 122;2, við gamla verslunarhúsið í Skarðsstöð.

*Heimildir og munnmæli*

*Bogi Kristinsson,* munnleg heimild.

*Lýsing*

**Rétt**

Ferhyrnt rúst, hlaðin úr steinum sokkin í jarðveginn. 6 x 9 m. Hæð: 0,1-0,3 m. Breidd veggja 0,5 m. Engin sjánlegur inngangur.

Rétt sem var við sláturhúsið (122:2). Húsið er frá því um aldamótin 1900 brann og að hluta árið 1911.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



*Ljósmyndari* Hermann Jakob Hjartarson

*Filma nr./teg. myndar*

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Dalasýsla | Dalabyggð | | | 122 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Skarðsstöð | | | 2 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Hermann Jakob Hjartarson | 10.7.2019 | E 343396.80 N 536561.64 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Húsgrunnur | Ska 19b | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skepnur | Lítil | Ágætt | 1900 | | Ljósleiðari | Lítil | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 7 | Talsvert | 7 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Fast upp við fornleifar 122;1 að austan og upp við gamla verslunarhúsið í Skarðsstöð að vestan.

*Heimildir og munnmæli*

Árni Björnsson (2011). *Ferðafélag Íslands árbók 2011: Í Dali vestur*. Ferðafélag Íslands.

*Ísmus (ismus.is). SÁM 93/3500 EF.*

*Bogi Kristinsson,* munnleg heimild.

*Lýsing*

**Sláturhús/Verslunarhús**

Ferhyrnt rúst, hlaðin úr steinum. 9 x 9 m. Hæð: 1,2-1,6 m. Breidd veggja 0,5 m. Inngangur að vestan. Hrunin að hluta í N/A horni en annars í góðu ásigkomulagi. Búið er að steypa ofan á hluta rústarinnar.

Ólíkt rúst 122 þá er þessi rúst ekki sokkin, hún var seinast notuð sem garður/útivistarsvæði.

Húsið sem er frá því um aldamótin 1900 brann að hluta árið 1911. Húsinu var svo breytt í núverandi mynd árið 1947. Það er mun minna en það gamla og er þetta  hluti af grunni gamla hússins.

Samskonar steinar eru í rústinni og eru í húsinu.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Hermann Jakob Hjartarson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# *Fornleifaskrá*

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Dalasýsla | Dalabyggð | | | **123** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Skarð | | | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Hermann Jakob Hjartarson | 11.7.2019 | E 395195.07 N 535227.75 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Garður | | Ska 19b | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeyðing | Talsverð | Sæmilegt | 1550-1900 | | Ljósleiðari | Lítil | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 4 | Lítið | 4 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í landi Skarðs, en hinu megin við Skarðsá. Rétt norðan við vegslóða.

*Heimildir og munnmæli*

*Örnefnaskrá Skarð*. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.
Hulda Birna Albertsdóttir (2013). *Örnefnaskráning í Dalabyggð: IX. Hluti - Skarð*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns - Sjötta bindi* (1938) Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

*Lýsing*

**Garður**
Mögulegur garðbútur, um 15 m sjáanlegir. Hæð: 0,3-1 m. Breidd: 2 m.

Á þessum slóðum stóð hjáleigan Manheimar og gæti garðurinn tilheyrt þeirri jörð.

í Jarðabók Árna og Páls frá 1703 er svo sagt um jörðina: „*Sýnist á girðingum, sem þar eru um kring eru, svo sem það hafi kunnað að vera gamalt býli, en ei vita menn framar til þess*".

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Hermann Jakob Hjartarson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi garðsins þarf að rannsaka hann með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

**Sýsla:** Dalasýsla
**Sveitarfélag:** Dalabyggð
**Núv. sveitarfél.:**
**Hverfi:**
**Aðalnr.:** 124
**Landareign:** Skarð
**MÍ:Nr:**
**Heiti:**
**Undirnr.:** 1

**Skrásetjari:** Hermann Jakob Hjartarson
**Dags.:** 11.7.2019
**GPS Staðsetning:** E 345443.71 N 535285.59
**Viðmiðun:** Isn 93
**M.y.s.:**
**Skekkja:**

**Tegund minja:** Traðir
**Tilgáta/Niðurstaða:** Tröð
**Verk:** Ska 19b
**Fjöldi:** 1
**Hættumat:** Ábúð
**Hætta:** Talsverð
**Ástand:** Sæmilegt
**Aldur:** 1550-1900
**Í eyði:**
**Tímab. hættumat:** Ljósleiðari
**Tímab. hætta:** Lítil
**Á kort?:**
**Minjagildi:** Talsvert
**Einkunn:** 6
**Varðveislugildi:** Talsvert
**Einkunn 2:** 6
**Friðlýsa?:** Nei
**Friðlýst?:** Nei
**Hvenær:**

## Lega og staðhættir

Föst upp við gamla fjósið á Skarði.

## Heimildir og munnmæli

*Örnefnaskrá Skarð.* Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.

*Túnakort. Skarð* (1918).

## Lýsing

**Traðir**
Lítill bútur af tröð sem þarna var. Tröðin er sýnd á túnakorti frá 1918 og er þetta einn af tveimur hlutum af tröðinni sem enn er uppistandandi. Lengd hennar er um 3 m og breidd um 1 m. Hæðin er frá 1-1,2 m.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



**Ljósmyndari:** Hermann Jakob Hjartarson
**Filma nr./teg. myndar:**

## Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Dalasýsla | Dalabyggð | | | **125** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Skarð | | | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Hermann Jakob Hjartarson | 11.7.2019 | E 345475.1 N 535331.4 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Kirkjugarður | | Ska 19b | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ábúð | Lítil | Ágætt | 1200-1900 | | Ljósleiðari | Lítil | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hátt | 8 | Hátt | 8 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Norðan við Skarð.

*Heimildir og munnmæli*

*Örnefnaskrá Skarð*. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.

*Túnakort. Skarð* (1918).

*Lýsing*

**Kirkjugarður**

Ferhyrntur kirkjugarður Skarðskirkju. Núverandi kirkja var byggð á árunum 1914-1916 en kirkja hefur verið á Skarði frá því um 1200.

Garðurinn er hlaðinn grjóti. Hann er 44 x 31 m að stærð, hleðslan er 1-1,2 m há og um 1 m að breidd.

Hann sést á túnakorti frá 1918

Kirkjugarðurinn, sem enn er í notkun telst ekki til fornleifa, en stakar grafir í honum geta verið það.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



*Ljósmyndari*: Hermann Jakob Hjartarson

*Filma nr./teg. myndar*:

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi garðsins þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Dalasýsla | Dalabyggð | | | 126 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Skarðsá | | | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Hermann Jakob Hjartarson | 11.7.2019 | E 344995.2 N 535234.1 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Kvíar | | Ska 19b | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ábúð | Lítil | Lélegt | 1550-1900 | | Ljósleiðari | Talsverð | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | Nei | Nei | |

### Lega og staðhættir

Á svæðinu sem afmarkast af Klofningsvegi til austurs, heimreiðarinnar að Skarðsá (bænum) til suðurs og Skarðsá (ánni) til norðus.

### Heimildir og munnmæli

*Örnefnaskrá Geirmundarstaðir*. Örnefnastofnun.
Hulda Birna Albertsdóttir (2013). *Örnefnaskráning í Dalabyggð: VIII. Hluti - Skarðsá og Geirmundarstaðir*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
*Sarpur: Menningarsögulegt gangnasafn*. Sótt af http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=320887

### Lýsing

**Heimild um kvíar**

Í örnefna skrá segir: „*Austur af fjárhúsum, nálægt túnhliði voru Kvíar, rétt utan við þær Kvíalaut. Neðan við kvíarnar voru gamlar tóftir ónafngreindar. Þegar þær voru sléttaðar, fannst þar fornt öxarblað, sem nú er á Þjóðminjasafninu*"

Öxi þessi fannst í á um 1 m dýpi (sarpur.is) Samkvæmt örnefnaskráningu sem fram fór árið 2013 (Hulda Birna Albertsdóttir) voru rústirnar staðsettar á svæðinu sem myndin sýnir.
Ekkert sést til þessa rústa í dag og ekki er vitað um nákvæma staðsetningu en líklegt er að einhverjar minjar séu undir yfirborðinu.

ATH. Jörðin Skarðsá hét á árum áður Geirmundarstaðir og stóð sá bær rétt norðan við þar sem bærinn Skarðsá er núna, Geirmundarstaðir eru nú í um 180 m suður af bænum Skarðsá.

Punkturinn er tekinn á þeim slóðum sem rústirnar kunna að vera á og öxin fannst.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari: Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar:

### Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Dalasýsla | Dalabyggð | | | 127 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
